



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 21. september 2017

## **Samkomulag um sátt vegna brots GAMMA Capital Management hf. á 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. og 43. gr. laga nr. 128/2011**

Hinn 25. júlí 2017 gerðu Fjármálaeftirlitið og GAMMA Capital Management hf., hér eftir nefndur málsaðili með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. og 43. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa fimm sinnum brotið gegn 1. mgr. 59. gr., sbr. 30. gr. og 43. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði með því að fjárfesta í eignarhlutum í einkahlutafélögum fyrir hönd fjárfestingarsjóða í rekstri málsaðila og tilkynna ekki Fjármálaeftirlitinu um fjárfestingarnar.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 23.000.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar. Þá hefur málsaðili gripið til ráðstafana til að stuðla að því að atvik sem þetta eigi sér ekki stað á ný.

### **Málsatvik**

Um er að ræða fimm fjárfestingar tveggja fjárfestingarsjóða í rekstri málsaðila, þ.e. þrjár fjárfestingar fjárfestingarsjóðs A og tvær fjárfestingar fjárfestingarsjóðs B. Fjárfestingarnar námu að meðaltali á bilinu 0,44% til 2,9% af heildareignum viðkomandi sjóða.

Fjárfestingarsjóður A eignaðist þann 3. mars 2016 eignarhluti í einkahlutafélagi X. Eignarhlutirnir voru hluti af uppgjöri á skuldabréfi í eigu nokkurra sjóða í rekstri málsaðila þar sem skilmálar skuldabréfsins kváðu á um heimild til að fá tiltekinn hluta skuldarinnar greiddan með eignarhlutum í einkahlutafélaginu. Málsaðili seldi eignarhlutina þann 14. desember 2016.

Fjárfestingarsjóðir A og B hafa frá öðrum ársfjórðungi árið 2014 farið með eignarhluti í einkahlutafélaginu Y, en því var breytt í hlutafélag á aðalfundi félagsins þann 15. desember 2016.

Fjárfestingarsjóðir A og B hafa frá þriðja ársfjórðungi árið 2014 farið með eignarhluti í einkahlutafélaginu Z. Þann 4. apríl 2017 óskaði málsaðili eftir fresti til úrbóta í kjölfar fyrirspurna Fjármálaeftirlitsins um fjárfestingarnar. Með tilliti til hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa veitti Fjármálaeftirlitið frest til 6. júní 2017 og voru viðeigandi úrbætur gerðar innan þess tíma með þeim hætti að einkahlutafélaginu var breytt í hlutafélag á aðalfundi félagsins.

Málsaðili tilkynnti Fjármálaeftirlitinu ekki um framangreindar fjárfestingar.

Málsaðili óskaði eftir að ljúka málinu með sátt.

### **Lagagrundvöllur**

Samkvæmt 59. gr. laga nr. 128/2011 eiga fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða skv. 30.-43. gr. við um fjárfestingar fjárfestingarsjóða með þeim undantekningum sem fram koma í 2.-7. mgr.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

ákvæðisins. Fjárfesting í eignarhlutum í einkahlutafélagi telst ekki til fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum skv. 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laganna, sbr. túlkun Fjármálaeftirlitsins frá 7. febrúar 2014 og eru ekki heimilar fjárfestingarsjóðum. Ákvæði 43. gr. laga nr. 128/2011 kveður á um að fari fjárfesting fram úr leyfilegum mörkum skuli án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það, gera ráðstafanir til úrbóta og ná lögmæltu hámarki í síðasta lagi innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

Brot á 59. gr. laga nr. 128/2011 getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 35. tölul. 1. mgr. 65. gr. sömu laga. Sektor sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500.000 krónum til 800.000.000 króna en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykka ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykka samstæðureikningi að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, sbr. 4. mgr. 65. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 59. gr. laganna með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsivíðurlög liggja við, sbr. 66. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

### **Sektarfjárhæð**

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið með sátt.

Samkvæmt 5. mgr. 65. gr. laga nr. 128/2011 skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brotið hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislega áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot sé að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að um er að ræða fjárfestingarsjóði sem veita viðtöku fé frá almenningi til sameiginlegrar fjárfestingar. Með hliðsjón af neytendaverndarsjónarmiðum skiptir miklu máli að fjárfestingar séu í samræmi við fjárfestingarheimildir samkvæmt lögum og fjárfestingarstefnu viðkomandi sjóða. Takmarkanir á fjárfestingarheimildum hafa það að markmiði að vernda hlutdeildarskírteinishafa og tryggja viðunandi áhættudreifingu. Þá var horft til þess að fjárfestingarnar voru tilkomnar vegna atvika sem rekja má beint til málsaðila og ekki tilkynntar Fjármálaeftirlitinu. Sektarfjárhæðin tók ennfremur mið af flokkun löggjafans á alvarleika brotanna, fjölda brota og tímalengdar þeirra auk þess sem litið var til þess að brotin voru ekki veruleg að umfangi. Þar sem ein sátt er gerð um brotin voru áhrif ítrekunar ekki metin til hækkunar.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brotanna, atvikum máls að öðru leyti, veltu málsaðila og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 23.000.000 krónur.

### **Réttaráhrif**

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 66. gr. laga nr. 128/2011 og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.